

Miðvikudagurinn 12. maí 1999 kl. 12:00

126. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 16/1999

**Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar
nr. 2/1999 frá 8. apríl 1999.**

Auglýsingar Eðalvara ehf. á Rauðu eðalginsengi

I.

Málavextir

1.

Þann 29. mars sl. tók samkeppnisráð ákvörðun nr. 12/1999 í máli Lyfju hf. og Cetus sem kvartað höfðu yfir auglýsingum Eðalvara ehf. þar sem notuð var setningin „*varist eftirlíkingar*“. Í ákvörðunarorði segir:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörum ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, að nota að ástæðulausu setninguna „varist eftirlíkingar“ í auglýsingum sínum á ginsengi þar sem slíkt er ósanngjarnt gagnvart keppinautum og neytendum og brýtur í bága við góða viðskiptahætti.“

Í niðurstöðum samkeppnisráðs kemur fram að ráðið telur að ekkert hafi komið fram í málinu sem réttlætir að Eðalvörur noti setninguna „*varist eftirlíkingar*“ í auglýsingum sínum á ginsengi. Samkeppnisráð telur að tilgangur Eðalvara hafi verið að rýra álit neytenda á vörum keppinautanna. Slíkt telur samkeppnisráð að sé ósanngjarnt gagnvart keppinautum og villi um fyrir neytendum þar sem verið sé að vísa til óviðkomandi mála. Með vísan til þessa telur samkeppnisráð að Eðalvörur auglýsi að ástæðulausu „*varist eftirlíkingar*“ og kasti þannig rýrð á vöru keppinauta og sýni þeim lítilsvirðingu. Slíkt telur samkeppnisráð að brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.

Í niðurstöðum samkeppnisráðs kemur einnig fram að af 20. gr. samkeppnislaga megi ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum sé þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hafi verið

talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur sé mat á því, hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki, lagt í hendur samkeppnisyfirvalda og dómstóla. Hins vegar megi ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega séu óheiðarlegar, ósanngjarnar, eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum séu andstæðar samkeppnislögum.

Samkeppnisráð telur í ákvörðun sinni að gögn málsins gefi ekki til kynna að Eðalvörur hafi haft tilefni til að auglýsa vöru sína með setningunni „*varist eftirlíkingar*“. Slíkar auglýsingar séu ósanngjarnar gagnvart keppinautum og neytendum þar sem skírskotað sé til óviðkomandi mála. Auglýsingar Eðalvara brjóti því gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

2.

Í Morgunblaðinu, þann 1. apríl sl., birtist auglýsing á ginsengi frá Eðalvörum þar sem segir „*Samkeppnisráð hefur bannað að vara við eftirlíkingum af þessari vöru.*“

Í Morgunblaðinu, þann 7. apríl 1999, birtist enn auglýsing á ginsengi frá Eðalvörum þar sem segir „*Samkeppnisráð hefur bannað Eðalvörum ehf. að vara við eftirlíkingum af þessari vöru. Þess vegna verður það ekki gert að svo stöddu.*“

3.

Að gefnu tilefni auglýsinga Eðalvara á ginsengi í Morgunblaðinu þann 1. og 7. apríl sl. tilkynnti Samkeppnisstofnun Eðalvörum með bréfi, dags. 7. apríl sl., að stofnunin fengi ekki betur séð en að auglýsingarnar færu gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999. Eðalvörum var gefinn kostur á að koma að athugasemdum og veittur frestur til kl. 13:00 þann 8. apríl 1999. Jafnframt tilkynnti Samkeppnisstofnun Eðalvörum að tekin yrði ákvörðun um beitingu dagsekta sbr. 8. og 51. gr. samkeppnislaga að athugasemdum fengnum.

4.

Athugasemdir Eðalvara bárust með bréfi dags. 8. apríl 1999. Þar segir m.a.:

„Tilgangur auglýsingarinnar er fyrst og fremst að kynna ákvörðun samkeppnisráðs, sem að mati undirritaðs er þess verð að henni sé gaumur gefinn og hún kynnt fyrir almenningi. Nú kann vel að vera að Samkeppnisstofnun sé á öðru máli og vilji jafnvel halda niðurstöðunni leyndri

en það breytir ekki því að ekkert ákvæði í samkeppnislögum bannar að niðurstaða samkeppnisráðs sé kynnt fyrir almenningi.

Þess skal getið að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999 verður áfrýjað fljótlega og er gagnasöfnun í þeim tilgangi hafin.“

Jafnframt fara Eðalvörur fram á frekari frest til að koma að gögnum í máli þessu.

II.

Niðurstaða

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 12. maí 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

2.

Í auglýsingum þeim sem hér um ræðir vara Eðalvörur við eftirlíkingum á ginsengafurð þeirri sem fyrirtækið flytur inn. Eðalvörur hafa breytt orðalagi frá fyrri auglýsingum en þau skilaboð sem í auglýsingunum felast eru skýr. Eðalvörur vara neytendur við því að á markaði séu ginsengafurðir sem séu eftirlíkingar af ginsengafurð þess fyrirtækis.

Samkeppnisstofnun telur að með framangreindum auglýsingum séu Eðalvörur að brjóta bann samkeppnisráðs frá 29. mars 1999. Fyrirtækinu hefur verið bannað að nota að ástæðulausu setninguna „varist eftirlíkingar“ þar sem slíkt sé ósanngjarnt gagnvart keppinautum og neytendum og brjóti í bága við góða viðskiptahætti.

Af svari Eðalvara má sjá að fyrirtækið telur að birting umræddra auglýsinga sé ekki brot á ákvörðun samkeppnisráðs. Þá er heldur ekkert í svarinu að finna sem sýnir að fyrirtækið muni ekki halda áfram birtingu slíkra auglýsinga.

Með tilvitnunum í bann samkeppnisráðs og eftirlíkingar eru Eðalvörur enn sem fyrr að senda neytendum þau skilaboð í auglýsingum að á markaði sé ginseng sem sé eftirlíking af ginsengi Eðalvara. Sem fyrr hafa Eðalvörur ekki, á nokkurn hátt, sýnt fram á nauðsyn slíkra viðvarana og samkeppnisráð hefur í

ákvörðun sinni bent á að auglýsingar Eðalvara séu sérlega ámælisvert brot á góðum viðskiptaháttum þar sem fyrirtækinu hljóti að vera ljóst að hegðun þess er hvorki heiðarleg né sanngjörn gagnvart keppinautum.

Séu Eðalvörur ósáttar við niðurstöðu samkeppnisráðs í máli þessu er réttur farvegur sá að vísa málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Eðalvörum er fullkunnugt um þessa leið eins og m.a. kemur fram í svari fyrirtækisins. Birting auglýsinga sem vísvitandi eru útúrsnúningur á ákvörðun samkeppnisráðs er ekki í samræmi við góða viðskiptahætti.

Með vísan til þess að Eðalvörur hafa virt að vettugi ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999 telur Samkeppnisstofnun þörf á að taka bráðbirgðaákvörðun á grundvelli 8. gr. samkeppnislaga og beita Eðalvörur viðurlögum sbr. 51. gr. laganna.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð staðfestir eftirfarandi bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 2/1999 frá 8. apríl 1999 með vísan til forsendna hennar:

„Auglýsingar Eðalvara ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, sem birtust í Morgunblaðinu, þann 1. og 7. apríl 1999, brjóta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999.

Birti Eðalvörur ehf. aftur auglýsingar sem brjóta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999 leggjast á dagsektir skv. 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að fjárhæð kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem Eðalvörur birta slíka auglýsingu.““

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 10/1999](#)]